

## Hrönn Jónsdóttir

---

**From:** Ragnheiður Gló <ragnheidur@fornleif.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 26. maí 2022 08:55  
**To:** Sýlvía Karen Heimisdóttir; Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
**Subject:** Fornleifarannsókn í Þjórsárdal

Góðan dag,

Á dögnum fékk Fornleifastofnun Íslands úthlutað styrk úr Fornminjasjóði til rannsókna á Bergsstöðum í Þjórsárdal og er þetta framhald af rannsókninni árið 2020. Þetta svæði tilheyrir Þjóðlendu og er innan afréttargirðingar. Skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 þarf leyfi forsætisráðuneytisins til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, vindorku, námur og önnur jarðefni innan Þjóðlendu. Öll önnur nýting innan Þjóðlendu er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar skv. 3. mgr. 3. gr. þessara sömu laga. Skv. þessu þarf því leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til þessarar rannsóknar.

Hér með sæki ég um formlegt leyfi til fornleifarannsókna á Bergsstöðum í Þjórsárdal og vona að það verði tekið fyrir á næsta sveitastjórnarfundum. Fyrirhugað er að rannsóknin fari fram fyrri hluta júlí og er hún samstarfsverkefni Fornleifastofnunar, Minjastofnunar og Háskóla Íslands.

Fh. Fornleifastofnunar Íslands,

Ragnheiður Gló Gylfadóttir